

9. október 1967 til 31. s. m., af kr. 157.761.00 frá 1. nóvember s. á. til 21. október 1968 og af kr. 307.761.00 frá 22. s. m. til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---

Fimmtudaginn 18. júní 1970.

Nr. 79/1970. **Ákærvaldið**  
 (Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)  
 gegn  
**Rafni Svavarssyni**  
 (Gunnlaugur Þórðarson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skírlífisbrot. Nauðgun.

### Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann með þeirri breytingu, að gæzluvarðhaldsvist ákærða frá 24. apríl 1970 komi með fullri dagatölu einnig til frádráttar refsingu hans.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 25.000.00, og laun verjanda síns, kr. 25.000.00.

### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að gæzluvarðhaldsvist ákærða frá 24. apríl 1970 komi með fullri dagatölu til frádráttar refsingu hans.

Ákærði, Rafn Svavarsson, greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkis-

sjóð, kr. 25.000.00, og laun verjanda síns, Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 25.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

### **Dómur sakadóms Reykjavíkur 25. marz 1970.**

Ár 1970, miðvikudaginn 25. marz, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í hegningarhúsinu við Skólavörðustíg, kveðinn upp dómur í málinu nr. 160/1970: Ákærvaldið gegn Rafni Svavarssyni, sem tekið var til dóms 23. þ. m.

Með ákæru, dags. 18. desember 1969, var opinbert mál höfðað gegn Rafni Svavarssyni sjómanni, Bragagötu 38, fæddum 31. júlí 1938 í Reykjavík, „fyrir eftirtalin nauðgunarbrot, framin í Reykjavík 23. september og 11. nóvember 1969:

I. Að þröngva M, ... í Garðahreppi, með líkamlegu ofbeldi til holdlegs samræðis við sig í húsinu nr. 14 við Vitastíg þriðjudagsnóttina 23. september 1969, en bæði voru þau þá þar gestkomandi.

II. Að þröngva K, 17 ára, ... í Reykjavík, með líkamlegu ofbeldi til holdlegs samræðis við sig á heimili hennar þriðjudaginn 11. nóvember 1969, en ákærði var þá þar gestkomandi.

III. Þykja þessir verknaðir ákærða varða við 194. gr., 1. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, skaðabótageiðslu og til greiðslu sakarkostnaðar“.

Málavextir.

I. Ákæra fyrir nauðgun 23. september 1969.

Klukkan 0230 aðfaranótt þriðjudagsins 23. september 1969 kom M, fædd 21. ágúst 1929, til heimilis ... í Garðahreppi, á lögreglustöðina í Reykjavík og skýrði frá því, að ákærði hefði þá skömmu áður nauðgað henni. Ekki gat hún gert grein fyrir, hvar þetta hefði gerzt. Að tilhlutan lögreglunnar var M flutt til læknisskoðunar, er Guðjón Guðnason, sérfræðingur í kvensjúkdómum, var kvaddur til að gera. M var svo flutt heim til sín. Hún kom næsta dag eftir hádegi til rannsóknarlögreglunnar, þar sem Leifur Jónsson rannsóknarlögregluþjónn tók skýrslu af henni. M gat að vísu ekki greint frá því, í hvaða húsi nauðgunin hefði farið fram, en Leifi var um það kunnugt, að ákærði hafði oft hafzt við á heimili Jóns Brynjólfssonar fangavarðar, þegar hann var ekki á sjó. Fór Leifur því ásamt Guðmundi Tómasi Guðmundssyni rannsóknarlögregluþjóni heim til Jóns, og var

ákærði þar þá fyrir og var drukkin. Var ákærði nú fluttur í fangageymslu, en skýrsla tekin af honum að morgni miðvikudags 24. september. Verður frá þeirri skýrslu greint síðar. Sama dag var ákærði úrskurðaður í gæzluvarðhald til allt að 30 dögum, og var hann leystur úr gæzlu hinn 24. október.

Guðjón Guðnason læknir lýsir skoðun sinni á M á þessa leið í vottorði sínu, dags. 23. september:

„Hefi í nótt samkv. beiðni frá lögreglunni í Hafnarfirði (sic) skoðað frú M, fædda 21/8 1929, til heimilis að . . . , Garðahreppi. Skoðun þessi fór fram á stofu minni í Domus Medica kl. 3.50.

M er talsvert drukkin. Er klædd í mikið rifinn kjól, og eins eru sokkabuxur hennar nokkuð rifnar. Af áverkum sjást: 1. Margir stærri og smærri marblettir neðarlega á hálsi, aðallega hægra megin. 2. Margir marblettir á báðum upphandleggjum. 3. Ótal húðrispur á efri hluta búks.

Við gynekologiska skoðun sjást engir áverkar á ytri kynfærum, aðeins lítilsháttar roði á burðarbörnum“.

M hefur lýst atvikum á þessa leið við dómsrannsókn málsins:

M var að leita að konu, sem hún hélt eiga heima á Lindargötu 43, en fann ekki hús með því númeri. Hún spurðist fyrir um kona í nálægum húsum án árangurs. Hún ætlaði þá að taka sér leigubifreið, og sá hún þá kyrrstæða leigubifreið á götu, sem samkvæmt lýsingu hennar hefur verið Frakkastígur, milli Lindargötu og Skúlagötu. Í bílnum var farþegi, sem virtist vera að fara úr henni, og gekk M því að bílnum og spurði, hvort hann væri laus, en ökumaður kvaðst varla vita það. Farþeginn, sem var ákærði í máli þessu, sagðist þá skyldu aka M heim, þar sem hann væri ekki að fara neitt sérstakt. M settist inn í bifreiðina. Hún sá þá, að hún kannaðist við svip ákærða, og sagði, að hann mundi vera tvíburabróðir Páls Svavarssonar, sem hún hafði þekkt, og kvað ákærði svo vera. Ákærði var með hálfu geneverflösku og hafði við orð að koma við í áfengisverzlun þar nálægt, og bað M hann þá að kaupa í leiðinni portvínslösku fyrir sig. Fór ákærði og gerði kaupin. Síðan var ekið heim til M. Er komið var á leiðarenda, lét ákærði í ljós ósk um að fá að koma inn til hennar, og féllst hún á það. Heima voru tveir synir hennar, 14 og 22 ára, og eiginmaður hennar var væntanlegur heim á hverri stundu, enda kom hann skömmu síðar. Ákærði dvaldist síðan þarna og drakk nokkuð af áfengi, en þáði ekki kaffi né kvöldverð. Hann staglaðist mikið á því, að hann vildi kynna hana fyrir föður sínum og systur, sem M þekkir ekki, en hún þekkir aftur

á móti móður ákærða svo og aðra systur hans, sem býr í Njarðvík. Ákærði tók nú að hvetja M til þess að koma með sér smástund í Sigtún eða Háabæ, og varð það að samkomulagi og í samráði við eiginmann M. Þau ákærði og M fóru nú í leigubíl til Reykjavíkur og komu að Sigtúni, og hefur það verið fyrir kl. 2100, því að þeim kom saman um að skreppa út á Hótel Borg og vera þar til kl. 2100, þar sem enn var fátt um manninn í Sigtúni. Á Hótel Borg drukku þau glas af áfengi, en héldu aftur út í Sigtún um kl. 2130 og fóru þar inn. Meðan þau dvöldust þar, var ákærði á ferð og flugi, og sá M lítið af honum. Þau dónsuðu aldrei saman, en hún dansaði við aðra menn. Þegar komið var fram undir lokun, hitti M ákærða, þar sem hann sat á gólfinu. Hún spurði hann þá: „Hvenær á maður að fá að sjá hann þabba þinn, þennan fína og flotta mann, og systur þína?“ „Núna eins og skot“, sagði ákærði, og héldu þau síðan saman út og inn í leigubíl. Lét ákærði síðan aka að húsi einhverju, er hún tók ekki eftir, hvar var, en reyndist vera Vitastígur 14. Fóru þau þar inn, og spurði M ákærða, hvar faðir hans og systir væru, en hann kvað þau mundu hafa farið út í göngu eða í heimsókn. M settist á stól inni í stofu og lagði kápu sína á stólbak fyrir aftan sig. Eftir stutta dvöl þarna fór hana að gruna, að ekki væri allt með felldu. Ákærði stóð þá upp, gekk að M, tók um handlegg hennar og dró hana með sér inn í herbergi, sem er inn af stofunni, en hún spyrnti við og kallaði á hjálp. Gerðist nú allt í einni svipan, að ákærði kom henni inn í herbergið og fleygði henni á rúm, sem þar er, greip fyrir kverkar henni og reif utan af henni kjól og sokkabuxur, en lét brjóstahald óhreyft. Hann svipti sig síðan sjálfan klæðum. Hóf hann síðan samfarir við hana. Hann rauf samfarirnar nokkrum sinnum og neyddi M til þess að fara höndum um kynfæri hans, en hóf svo samfarir að nýju. Á þessu gekk alllangan tíma, en ákærði fékk ekki fullnægingu. Hann hætti loks og sagði M að flýta sér í, því að einhver væri að koma. Hún klæddist þá í skyndingu, greip kápu sína og hljóp út. Hún varð vör við konu einhverja rétt fyrir innan útidyrnar og mætti, að því er hana minnir, tveimur mönnum á leið inn í húsið. Náði M sér svo í leigubifreið og hélt til lögreglustöðvarinnar.

Við dómsrannsókn í máli þessu hefur ákærði kannast við það, að hann hafi haft samfarir við M í íbúð Jóns Brynjólfssonar, en neitar því, að hann hafi þröngvað henni til samfaranna. Framburður hans í þinghaldi 25. september var á þessa leið:

Ákærði hafði verið skipverji á togara, sem kom í höfn sunnu-

dagsmorguninn 21. september. Ákærði hafði verið við skál á leiðinni frá Þýzkalandi til Íslands, en skipið var að koma úr söluferð. Hann hélt áfram drykkju, er hingað var komið. Á mánudagsmorgun var hann staddur í Hafnarbúðum. Hann fór svo og tók út kaup sitt í skrifstofu útgerðarinnar, keypti síðan áfengi. Hann var síðan að þvælast um, ýmist gangandi eða í leigubílum, og neytti áfengis af flösku, er hann hafði haft meðferðis. Samkvæmt lýsingu ákærða var hann staddur á Frakkastíg, er kona ávarpaði hann og spurði um eitthvert hús, sem ákærði kann nú ekki frá að greina. Ákærði var þá með leigubifreið. Ákærði þekkti ekki konuna, en hér var um að ræða M. Hún spurði ákærða, hvort hann væri ekki tvíburabróðir Páls Svavarssonar, og játti ákærði því. Það varð nú úr, að M slóst í för með ákærða, en ákærði kvaðst ætla að Umferðarmiðstöðinni og sleppa bílnum þar. Gerði konan síðan ráð fyrir að taka bílinn þaðan. Á leiðinni sýndi konan ákærða í myndaalbúm, sem hún var með. Ákærða fannst hann kannast við fólk á sumum myndanna og spurði konuna, hvort hún væri systir Ó, og kvað hún svo vera. Sagði ákærði nú deili á sér, en konan kvaðst hafa þekkt vel tvíburabróður ákærða, Pál, sem nú er látinn. Ákærði var, er hér var komið sögu, ekki verulega drukkinn, en þó nokkuð þéttur. Hann telur, að konan hafi verið eitthvað við skál.

Þegar að Umferðarmiðstöðinni kom, talaðist svo til með ákærða og M, að hann æki henni suður í Garðahrepp, þar sem hún bjó þá, og liti inn til hennar, áður en hann héldi áfram ferð sinni suður í Njarðvík, en þangað var för ákærða heitið. Var síðan ekið að . . . , þar sem ákærði greiddi ökugjaldið og fór inn með M. Þar heima var staddur sonur M, uppkominn, svo og annar yngri, og eiginmaður hennar kom heim um kvöldmatarleytið. Ákærði hafðist þarna við nokkra klukkutíma.

Um kvöldið ákváðu ákærði og M að fara saman í skemmtistaðinn Sigtún. Ákærði spurði eiginmann M, hvort hann vildi koma með, en hann vildi það ekki. Fóru ákærði og M tvö saman að Sigtúni, en ekki fóru þau þar inn strax, heldur á Hótel Borg, þar sem þau neyttu nokkurs áfengis. Síðan fóru þau að Sigtúni á ný og þar inn og voru þar fram til lokunartíma kl. 0100 um nóttina. M var þar mjög ölvuð og alltaf að detta, er þau voru að dansa, og felldi hún við það borð og stóla og missti af sér hárkollu. Ákærða minnir, að hann byði konunni upp á „dóp“ í Sigtúni, en man ekki hvort hún þáði það.

Þegar þau ákærði og M fóru frá Sigtúni, héldu þau að Vitastíg 14, þar sem ákærði átti athvarf. Ákærði man ekki tildrögin að því, að þangað var farið. Hann man lítið um samskipti sín við M á Vitastíg 14, enda hafi hann alltaf verið að éta pillur. Hann man þó, að einhver átök áttu sér stað milli þeirra undir lokin. Hann man ekki til þess, að hann rífi fót utan af M né að hann háttaði sjálfan sig og ekki til þess, að hann tæki fyrir kverkar M og hótaði að drepa hana. Hann man til þess, að barið var ofsalega að dyrum, og opnaði hann, og var þar komin kona af efri hæðinni, sem spurði, hvað gengi á, og hótaði að hringja til Jóns húsráðanda. Ákærði sagði við hana, að hún réði því, þau mundu verða farin, er Jón kæmi. Hann fór síðan inn til M, sem sat nakin á dívani. Hann sagði við hana „Eigum við að fá okkur eitt númer?“, og hafði hún ekkert á móti því, en lítið varð úr samförum, þar sem limur ákærða vildi ekki harðna. Fljótlega klæddist ákærði síðan og hjálpaði M að klæðast. Urðu þau síðan samferða út úr dyrunum. Um þessar mundir kom Jón Brynjólfsson heim, en M hélt á brott.

Ákærði gat enga skýringu gefið á áverkum þeim, sem reynzt höfðu verið á M, eða ástandi fata hennar, nema hvað hann sagði, að vera mætti, að hún hefði eyðilaggt kjól sinn á stólunum í Sigtúni.

Í þinghaldi 9. október lýsti ákærði nánar samskiptum sínum við M, frá því þau fóru saman burt úr Sigtúni. Er frásögn hans efnislega á þessa leið:

Ákærði man ekki, hvort þau fóru í bíl eða gangandi frá Sigtúni að Vitastíg 14. Eftir að þangað var komið, blandaði ákærði áfengi handa þeim M, og neyttu þau bæði af því. Ákærði hafði meðferðis ritalintöflur og tók nokkrar inn, en man ekki, hvort M þáði af þeim. Hann spurði M, hvort hann gæti fengið það hjá henni, og vékst hún vel undir þá málaleitan. Í framhaldi af þessu fóru þau inn í svefnherbergið, þar sem M háttaði sig sjálf og lagðist síðan aftur á bak á díván. Ákærði bað hana taka af sér brjóstahaldara, og gerði hún það. Hann lagðist svo ofan á hana og hóf samræði, og stýrði M lim hans inn í kynfæri sín. Höfðu þau síðan samræðishreyfingar, og sagði M, að hún hefði fengið fullnægingu tvisvar og vildi hætta, en ákærði, sem ekki hafði fengið sitt, brást reiður við og löðrungaði M og hristi hana til og sagði henni að láta ekki svona. Varð nú rifrildi milli þeirra og eftir nokkra stund barið að dyrum í eldhúsinu. Ákærði fór fram nakinn, og var þar komin kona af efri hæðinni, sem kvaðst

mundu kalla til húsráðandans, ef þessi læti hættu ekki. Ákærði kvað sig einu gilda og fór inn. Hann hugðist hefja samfarir á ný, en honum reis ekki hold, og varð ekkert úr samförum, og klæddust þau M síðan bæði. Ákærði hjálpaði M í kápuna og lét hana að beiðni hennar hafa 100 kr. fyrir leigubíl og síðan eitthvað um 150 kr., er hún bað um meiri peninga.

Ákærði minnst þess ekki, að hann hafi minnzt neitt á föður sinn og systur né að M spyrði um þau, er komið var á Vitastíg 14.

Ákærði neitar því eindregið, að hann hafi dregið M gegn vilja hennar inn í svefnherbergið, og yfirleitt neitar hann með öllu, að hann hafi viðhaft neins konar ofbeldi né hótanir gagnvart henni. Hún hafi aldrei kallað á hjálp, en verið geti, að hún hafi æpt eitthvað, þegar hann danglaði í hana, er hún vildi hætta samförunum.

I málinu hefur verið lögð fram skýrsla rannsóknarlögreglunnar, og geymir hún meðal annars skýrslu, sem Leifur Jónsson rannsóknarlögreglumáður tók af ákærða að morgni 24. september. Er sú skýrsla mjög á annan veg en framburður ákærða fyrir dómi við rannsókn málsins. Frásögn hans um það, hvornig fundum hans og M bar saman, og um samskipti þeirra fram til þess tíma, er þau komu heim á Vitastíg 14, er yfirleitt í samræmi við það, sem hann síðar bar fyrir dómi, en um það, sem gerðist á Vitastíg 14, þykir rétt að tilfæra orðrétt úr nefndri skýrslu ákærða fyrir rannsóknarlögreglunni:

„Mætti segir, að M hafi verið mikið ölvuð, er þau fóru heim í greint hús, og þar heima hafi þau setzt að drykkju, drukkið af geneverflösku, sem hann hafi verið með. Mætti kveðst hafa verið með á sér nokkrar töflur af ritalíni, sem hann hafi tekið inn, bæði á ballinu og eins er þau voru komin heim í íbúðina að Vitastíg 14. Það og áfengið hafi sett hann alveg úr sambandi, þannig að hann hafi alveg misst stjórn á sér. Hann kveðst muna eftir því, að hann hafi barið M og tekizt á við hana. Hvernig það hafi byrjað, muni hann nú ekki, en hún lýsi atburðum rétt, að hann telji. Mætti kveðst viðurkenna, að hann hafi gegn vilja M haft við hana samfarir, og telji hann, að hún lýsi öllu rétt, er þeim fór á milli. Hann kveðst ekki kæra sig um að lýsa samförunum nánar, en hann viðurkenni sök sína að öllu leyti. Mætti segir, að hann hafi ekki náð að fá fullnægingu af samförunum, vegna þess að hann hafi verið búinn að taka inn fyrrgreindar töflur. Hann segir, að eftir að samförunum lauk, hafi M klætt sig og verið komin út úr húsinu, er Jón Brynjólfsson fanga-

vörður hafi komið þarna heim. Hún hafi mætt honum í portinu, en Jón hafi svo komið inn og rekið mætta út og tekið af honum lykilinn. Mætti kveðst svo hafa verið á flækingi um borgina fram yfir hádegisd í gær, en þá hafi hann farið heim til Jóns aftur til að sækja dótið sitt, en hann hafi átt að fara út með b/v Agli Skallagrímssyni, sem hefði átt að láta úr höfn kl. 1800 í gær. Mætti kveðst samþykkja að greiða frú M bætur fyrir þau meiðsli, er hún hafi hlotið af hans völdum, og muni hann tjá sig um bóta-kröfu, er hún liggir fyrir“.

Ákærði hefur kannast við það, að hann hafi undirritað þessa skýrslu, en hann hefur haldið því fram, að hann hafi undirritað skýrsluna í þeirri von, að hann mundi þá losna úr haldi. Hafi lögregluþjónn sá, sem skýrsluna tók, sagt, að hann yrði ekki settur í gæzluvarðhald, „ef málið lægi rétt fyrir“. Ákærði segist hafa verið miður sín, er skýrslan var tekin, og hafa haft mestan áhuga á að komast burtu og út í sjó.

Leifur Jónsson rannsóknarlögregluþjónn hefur borið vitni í málinu. Hann segist hafa farið á Vitastíg 14 til þess að leita að ákærða hinn 23. september ásamt Guðmundi Tómasi Guðmundssyni rannsóknarlögreglumanni. Þeir hafi kvatt dyra og ákærði opnað og hafi hann komið tregðulaust með þeim. Hafi hann haft við orð, að hann hefði verið að bíða eftir þeim eða að hann hefði átt von á þeim eða eitthvað í þá átt. Ákveðið hafi verið að setja ákærða í gæzlu, þar sem hann hafi verið ölvaður. Leifur kveðst, eftir því sem hann man bezt, hafa sagt við ákærða, að verið væri að sækja hann vegna atburðar, sem gerzt hefði þarna á Vitastíg um nóttina. Ákærði hafi sagt á leiðinni til fanga-geymslunnar, að hann hefði áður verið dæmdur saklaus í sams konar máli, en nú væri hann sekur og vildi helst ganga frá þessu í hvelli. Skýrsla hafi svo verið tekin af ákærða næsta morgun, eftir að hann hafði verið í fangageymslu um nóttina.

Leifur kveður með öllu rangt, að hann hafi gefið ákærða vilyrði fyrir því, að honum mundi verða sleppt, ef hann játaði kæruefnið rétt. Ákærði hafi raunar spurt um það, hvort ekki væri möguleiki á, að honum yrði sleppt, en Leifur kveðst hafa sagt honum, að hann gæti engin fyrirheit gefið í þá átt. Slíkt væri ekki í valdi hans. Leifur kveðst hafa bókfært skýrsluna eftir ákærða svo samvizkusamlega sem hann hafi getað. Ákærði hafi skýrt frá eins og bókað er eftir honum, án þess að þurft hafi að beita fortölum við hann. Framkoma ákærða hafi verið góð. Ástand hans hafi ekki verið á þann veg, að neitt hafi verið

athugavert að taka skýrslu af honum. Að lokinni skýrslutöku hafi ákærði verið færður í hegningarhúsið. Hann hafi enn rætt um það, hvort ekki væri fært að sleppa honum, en hann hafi ekki haft uppi nein mótmæli á þeim grundvelli, að honum hefði verið heitið lausn, ef hann játaði.

Ákærði hlýddi á, þegar Leifur bar vitni. Hann kvaðst ekki muna, hvaða ummæli hann hefði viðhaft í ölvunarástandi á leið frá Vitastíg 14 að fangageymslunni í Síðumúla. Ákærði skýrði nú svo frá, að hann hefði spurt Leif, hvort hann gæti ekki fengið að sleppa, og Leifur hafi sagt, að það gæti farið eftir því, hvernig framburður hans yrði, eða eitthvað á þá leið. Kvaðst ákærði hafa staðið í þeirri trú, að honum yrði sleppt, ef hann játaði. Því hafi hann hagað framburði sínum eins og raun varð á.

Leifur hefur fullyrt, að hann hafi ekkert sagt við ákærða, sem hann hafi haft ástæðu til að líta á sem ádrátt um, að hann mundi sleppa.

Vitnið Guðmundur Tómas Guðmundsson rannsóknarlögregluþjónn sótti ákærða að Vitastíg 14 ásamt Leifi Jónssyni. Guðmundur Tómas kveðst muna, að ákærði hafi komið til dyra og haft glas í hendi. Hann hafi maldað í móinn, er þeir báðu hann að koma með þeim, en síðan fallizt á að fylgja þeim. Guðmundur Tómas segist ekki muna, hvernig ákærði hafi látið orð falla á leiðinni, en hann hafi þó gerla skilið, hvað á seyði var, og honum hafi ekki komið á óvart, að hann var sóttur.

Haukur Bjarnason rannsóknarlögregluþjónn hefur undirritað sem vottur skýrslu þá, sem Leifur Jónsson tók af ákærða og áður var lýst. Hann hefur borið það sem vitni, að hann hafi ekki verið viðstaddur sjálfa skýrslutökuna, en verið kvaddur til þess að vera vottur að upplestri skýrslunnar fyrir ákærða. Að upplestri loknum hafi Leifur spurt ákærða, hvort rétt væri eftir honum haft, og hafi ákærði játað því athugasemdalaust og undirritað skýrsluna að því búnu.

Verða nú raktir framburðir vitna, er skýrslu hafa gefið við dómsrannsókn máls þessa um atvik, er varða sakarefnið.

Vitnið Bjarni Bjarnason vaktstjóri, 56 ára að aldri, er var dyravörður á skemmtistaðnum Sigtúni kvöld það, sem hér er um að ræða, skýrir svo frá, að hann muni eftir konu, sem stödd hafi verið í húsinu um kvöldið og datt þar á dansgólfinu. Kona þessi hafi sagzt vera gift útlendingi. Hún taldi, að maður, sem hún var með, hefði fellt sig í dansinum. Bjarni man einnig eftir, þegar fólk þetta hélt á brott, og var það einna síðbúnast til

brottfarar af gestunum. Konan hafi fundið að því við manninn, að hann hefði látið sig vera lengi eina. Bjarni man enn fremur, að þetta fólk hafði komið að húsinu laust eftir kl. 2000 um kvöldið og bæði undir áhrifum áfengis og maðurinn með flösku af genever, er hann geymdi undir buxnastreng sínum. Bjarni segist ásamt starfsfélaga sínum hafa viljað losna við fólk þetta og sagt því, að ekkert fólk væri komið og betra væri að koma seinna. Hafi þau fallizt á þetta og farið, en komið aftur eftir svo sem klukkutíma eða rúmlega það. Var ástand þeirra þá svipað og áður. Fengu þau að koma inn, eftir að maðurinn hafði afhent til geymslu áfengisflösku sína, en hana hafi hann svo fengið aftur við brottför.

Vitnið Einar Brynjólfsson iðnnemi, 42 ára að aldri, er var við dyravörzlu í Sigtúni ásamt Bjarna Bjarnasyni, man einnig eftir komu fólks þessa skömmu eftir opnun hússins um kvöldið. Er framburður hans mjög á sama veg og framburður Bjarna. Einar man einnig eftir því, er þar þetta kom aftur seinna. Segir hann, að konan hafi verið að ásaka manninn fyrir það, að hann væri lítill kavalér að láta sig hanga yfir honum, meðan hann hefði sofið mestallan tímann. Einar segir, að þau hafi verið róleg og stillt og ekki annað til frásagnar af þeim en það, að þau hafi dottið í dansi. Ekki hafi annað verið að sjá en að samkomulag þeirra væri gott, er þau héldu á brott frá húsinu.

Lögregluþjónarnir Sigurður Pálsson og Þorlákur Runólfsson fluttu M frá lögreglustöðinni til læknisskoðunar. Sigurður segir, að hún hafi verið áberandi ölvuð og staglaxt aftur og aftur á því sama. Kjóll hennar hafi verið rifinn og lafað niður undan kápu. M hafi verið í nokkuð mikilli geðshræringu, grátið öðru hverju og virzt mjög reig og miður sín.

Þorlákur Runólfsson segir, að er hann sá M fyrst í lögreglustöðinni, hafi hún verið mjög miður sín og æst og grát hafi sett að henni. Kápan hafi flakað frá henni og kjóllinn hafi verið rifinn og tættur. Frásögn hennar um það, sem gerzt hafði, hafi verið samhengislaus.

Vitnið Þorvarður Trausti Eyjólfsson lögregluflokksstjóri kveðst hafa tekið á móti M í lögreglustöðinni. Hún hafi verið mjög æst og greinilegt hafi verið, að hún hafði lent í einhverju. Kjóll hennar hafi verið rifinn sundur á hægri mjöðm alveg frá baki og fram á miðjan maga, að því er vitninu virtist. Andlit hennar hafi verið þrútið, froða kringum munnvikin og áverkar sjáanlegir á hálsi hennar. Trausti segir, að langa stund hafi tekið að

fá samhengi í frásögn hennar af því, sem gerzt hafði. Hún hafi staðhæft, að maður að nafni Rafn Svavarsson hefði nauðgað henni. Í vætti Þorvarðs Trausta rekur hann það, sem M sagði honum, en ekki er þörf á að rekja það hér nánar, enda kemur það heim við síðari skýrslur M.

Vitnið Magnea Rannveig Þorgilsdóttir skipsþerna, Vitastíg 14, 53 ára að aldri, skýrir svo frá, að hún hafi umrædda nótt heyrt, að kona hafi verið að rifast, og af málrómnum hafi henni heyrt konan vera drukkin. Samkvæmt vætti Magneu virðist hún búa á efri hæð hússins (næstu hæð ofan við íbúð Jóns Brynjólfssonar). Hún kveðst hafa farið fram og niður í stiga og séð ákærða þá í gættinni að íbúð Jóns og hafi hann verið í skjóli bak við hurðina, en að svo miklu leyti sem Magnea Rannveig kveðst hafa séð hann, hafi hann verið nakinn. Kveðst Magnea hafa spurt, hvort Jón væri heima, og ákærði játað því, en er Magnea vildi fá að tala við Jón, hafi vöflur komið á ákærða og hafi hann viðurkennt, að Jón væri við vinnu, er hún gekk frekar á ákærða um þetta. Kveðst Magnea Rannveig þá hafa hringt til Jóns og sagt honum, að það væru „andskotans læti“ niðri hjá honum. Jón hafi síðan komið heim að vörmu spori.

Magnea Rannveig kveðst hafa orðið vör við umgang, líklega upp úr kl. 2400 um nóttina. Eftir það hafi hún heyrt karlmann og kvenmann ræða saman, og síðar heyrðist henni kona kalla á hjálp, en ekki gerir Magnea sér grein fyrir, hvort kall þetta kom af hæðinni fyrir neðan eða úr kjallaranum, en þar kveður hún óreglufólk búa.

Vitnið Jón Brynjólfsson fangavörður, Vitastíg 14, 56 ára að aldri, segir, að hann hafi stundum skotið skjólshúsi yfir ákærða, þar sem hann eigi ekki í önnur hús að vanda hér í borginni. Umrædda nótt kveðst hann hafa verið á verði í fangahúsinu, er Magnea Rannveig Þorgilsdóttir hafi hringt til hans og sagt, að hávaði væri í íbúð hans. Hann kveðst þá hafa skundað heim. Leigubifreið hafi verið fyrir utan húsið. Hann kveðst hafa mætt ókunnugri konu í portinu á leið inn í húsið. Jón kveðst ekkert hafa séð athugasvert við klæðnað hennar, en hún hafi verið í kápu. Rigning hafi verið og dimmt. Konan hafi spurt hann, hvort hann væri lögreglumaður, en hann neitað því. Hún hafi beðið hann að aka sér heim, en Jón kveðst hafa sagt, að hann gæti það ekki, þar sem hann hefði engan bíl. Konan hafi ekki haft við orð, að hún hefði orðið fyrir árás, heldur hafi hún haldið áfram út úr portinu. Jón kveðst hafa hitt ákærða fyrir í íbúð sinni. Hann

hafi verið í nærhol og buxum, en ekki í skyrtu né jakka. Jón kveðst hafa spurt hann, hvað gengið hefði á, en ákærði hafi sagt, að það hefði ekkert verið, nema hvað hann hefði verið að rifast við konuna. Á borði í íbúðinni hafi verið tvö glös og geneverflaska, en allt með röð og reglu í íbúðinni. Jón kveðst hafa leyft ákærða að vera áfram í íbúðinni, en skipað honum að fara að sofa og hafa hægt um sig. Síðan hafi hann farið aftur til vinnu. Upp úr kl. 0800 hafi hann komið aftur heim til sín og hafi ákærði þá verið sofandi. Ákærði hafi síðan vaknað. Jón kveðst hafa spurt hann, hvaða djöfulgangur þetta hefði verið um nóttina, en ákærði hafi svarað, að það hefði svo sem ekki verið neitt. Jón kveðst hafa verið heima, er rannsóknarlögreglumenn komu að sækja ákærða. Ákærði hafi ekki virzt verða hissa á komu þeirra.

Um M er þess að geta, að hún var lögð inn á spítala, eftir að umrætt atvik átti sér stað. Reyndist erfitt að fá hana til þess að koma fyrir dóm við dómsrannsókn málsins. Hinn 8. október vottaði Karl Strand yfirlæknir, að hún væri þá sem stæði ófær um að koma fyrir dóm. Var það fyrst hinn 30. október, að hún bar vitni við rannsóknina, og síðan einnig næsta dag. Var hún þá þó enn sjúklingur í Borgarspítalanum. Hún kvaðst með engu móti treysta sér til þess að standa augliti til auglitis við ákærða og skoraðist undan að verða sampröfuð við ákærða. Hefur það því ekki verið gert, þótt þau greini mjög á í framburði sínum, bæði um meginatriði, þ. e. samskipti sín á Vitastíg 14, og um ýmis önnur atriði, svo sem fram kemur af því, sem rakið hefur verið.

Í bréfi frá geðdeild Borgarspítalans til sakadóms Reykjavíkur, dags. 4. desember 1969, segir Jakob Jónasson læknir á þessa leið:

„Sem svar við bréfi yðar, dags. 7. nóvember 1969, varðandi M, . . . , Garðahreppi, leyfi ég mér að tjá yður, að rannsóknir á Geðdeild Borgarspítalans leiddu í ljós, að hjá M hefir gætt geðlægra einkenna um margra ára skeið, og hefir hún a. m. k. einu sinni áður reynt að svifta sig lífi.

Veikindi hennar í heild virðast því ekki standa í beinu sambandi við árásina 23. september s.l., að öðru leyti en því, að ekki verður útilokað, að ástand hennar hafi versnað um stundarsakir vegna árásarinnar, þótt slíkt verði ekki sannað til fulls“.

Í þinghaldi 5. nóvember kveðst M krefjast þess, að ákærði greiði henni eins háar bætur og lög leyfa, en hún lýsir sig ekki reiðubúna til þess að sundurliða bótakröfuna.

Eftir að mál þetta var höfðað, var M gefinn kostur á að ákveða fjárkröfu sína og skýra hana, en hún færðist undan því að koma fyrir dóm í því skyni.

II. Ákæra fyrir nauðgun 11. nóvember 1969.

Þriðjudaginn 11. nóvember 1969 var lögreglan kvödd að Ásgarði 45 hér í borg. Á staðinn fóru þrír lögregluþjónar, Baldvin Þórir Þorsteinsson, Indriði Aðalsteinn Jóhannsson og Guðmundur Ingbór Guðveigsson. Í Ásgarði 45 hittu þeir fyrir K, til heimilis . . . , fædda 5. september 1952, er skýrði svo frá, að ákærði Rafn, sem einnig var þarna staddur, hefði nauðgað henni á heimili hennar, . . . , þá um morguninn. Rannsóknarlögreglumenn voru kvaddir á staðinn, og tóku þeir að sér rannsókn, en ákærði var fluttur á lögreglustöðina og síðan í fangageymslu að loknu viðtali við varðstjóra.

Við rannsókn máls þessa hefur það komið fram, að snemma morguns umræddan dag, eða um kl. 0630, kom ákærði heim í . . . í fylgd með bræðrunum P og J, en áðurnefnd K er systir þeirra. Í fylgd með þeim var einnig Örn Sigurgeir Einarsson verkamaður, Selvogsgötu 15, Hafnarfirði. Höfðu þeir verið við drykkju um nóttina. Móðir bræðranna hleypti þeim inn í húsið, en fór síðan til vinnu nokkru síðar. Sátu ákærði og félagar hans nú um hríð við spil, og höfðu þeir eitthvað af áfengi um hönd. Er fram á morguninn leið, kom K niður í eldhúsið, þar sem mennirnir voru, en hún var þá nýkomin á fætur. Nokkru síðar fór Örn Sigurgeir burt. Enn leið nokkur stund, og ákváðu ákærði og bræðurnir að afla meiri drykkjarfanga, og fóru þeir bræður P og J út til þess að ná í þau. Voru þau þá tvö eftir í íbúðinni, ákærði og K, og urðu þar nú þau tíðindi, sem málið er risið af.

K lýsir atvikum á þá leið, er nú skal greina:

Hún varð vör við það, þegar bræður hennar og gestir þeirra komu um morguninn. Hún kom síðan niður um kl. 0900 og hitti þá piltana í eldhúsinu. Um kl. 1000 fór Örn, og reyndi hann að fá ákærða burt með sér, en hann vildi ekki fylgjast með honum. Eftir að bræðurnir voru á brott, fór K að þvo eldhúsgólfíð. Ákærði var á meðan ýmist í eldhúsinu eða inni í stofu. Hún hafði lokið að taka til milli kl. 1130 og 1200. Fór hún þá inn í stofu og fór að leggja kapal. Ákærði kom nú inn til hennar og hafði nú farið úr frakka sínum, er hann hafði verið í fram til þessa. Hann skipaði henni nú að koma með sér upp í svefnherbergi og horfði mjög græðgislega á hana. Hún varð hrædd og sagði við ákærða: „Mikið agalega ertu ógeðslegur“, en síðan

hljóp hún út úr stofunni fram í forstofu. Þar náði ákærði henni og tók fyrir kverkar henni, og þegar hún hljóðaði og kallaði á hjálp, herti hann tókin. Hann skipaði henni að koma inn með sér og hótaði að rota hana, ef hún væri ekki góð. Hann reif í hár hennar og tróð fingri upp í hana til að kæfa hljóð hennar. K varð svo skelfd, að hún vætti buxur. Ákærði ýtti henni nú inn í stofu, setti hana niður í stól og settist ofan á hana. Hún reyndi að hljóða, en ákærði greip fyrir kverkar henni. Hann tók síðan að tæta fötin utan af henni, fyrst peysu og brjóstahald, og síðan síðbuxur og tvennar nærbuxur. Síðan fór hann sjálfur úr fötum. Þá fleygði hann henni aftur á bak upp í svefnsófa, sem er í stofunni, lagðist síðan ofan á hana, færði sundur læri hennar og hóf samfarir, án þess að K fengi rönd við reist. Hún reyndi að hljóða og kalla og spyrna á móti, en ákærði átti alls kostar við hana. Henni fannst samræðið standa mjög lengi, en loks hætti ákærði. Hún gerir sér ekki grein fyrir því, hvort ákærða varð sáðfall. Ákærði klæddist síðan, og K smeygði sér í buxur, brjóstahöld og peysu og hljóp síðan út og hitti kunningjafólkk sitt í Ásgarði 45 og tjáði því tíðindin.

Þegar ákærði kom fyrir dóm hinn 12. nóvember, neitaði hann því, að hann hefði neytt K til samfaranna. Hann skýrði svo frá, að hann hefði verið alldrukkinn, er hann kom í . . . K hefði komið inn í eldhúsið, þar sem félagar hans hafi verið að spila. Ákærði sagði, að bræður hennar hefðu verið að stríða henni og sagt við hana, að hún ætti að „lofa Rabba að ríða“, og það væri ekki meira, að hann fengi það en hinir strákarnir. Hún hefði ekki svarað þessu neinu. Um það, sem gerðist, eftir að félagar ákærða voru farnir út og hann var einn eftir með stúlkunni, sagði hann, að hún hefði farið að þvo gólf, en síðan komið inn í stofu og setzt í stól. Þá hefði hann farið að orða við hana það, sem bræðurnir hefðu verið að nefna, og sagt, að þetta tæki engan tíma. Hún hefði sagt, að þau yrðu að vera fljót, því að bræður hennar færu að koma. Hún hefði síðan afklæðzt og þau síðan haft samfarir í sófanum með vilja hennar.

Við samprófun næsta dag hélt ákærði enn fast við það, að K hefði samþykkt samfarirnar, en K hvikaði ekki frá vitnisburði sínum. Síðar sama dag yfirheyrði rannsóknardómarinn ákærða á ný eftir ósk hans. Breytti hann nú framburði sínum á þennan veg:

Eftir að K hafði lokið að taka til í íbúðinni, spurði ákærði hana, hvort hún vildi koma með sér upp á loft. Hún anzaði þessu

ekki, og þegar ákærði fór að reyna til við hana, vildi hún ekki þýðast hann. Ákærði taldi, að það væru látalæti í henni. Hún stóð síðan upp og hljóp fram að dyrum, en ákærði hljóp á eftir henni, náði henni í dyrunum og setti hana niður í stól og settist síðan hjá henni. K fór þá að æpa, en ákærði tók fyrir kverkar henni og sagði henni að vera ekki að æpa. Hann færði hana síðan úr peysu og brjóstahaldara, en hún færði sig sjálf úr buxunum, bersýnilega til þess að þær rifnuðu ekki, og var hún skelfingu lostin. Síðan bárust þau að sófanum, og þar hafði ákærði samfarir við hana nauðuga. Hún sagði í hræðslu sinni, að hann yrði að vera búinn, áður en bræðurnir kæmu. Ákærði tók ekki mark á mótspyrnu stúlkunnar og taldi, að hún mundi ekki fara að kæra hann á eftir.

Ákærði kannaðist ekki við, að hann hefði hótað að rota K, og ekki, að hann hefði hárreytt hana. Hann minntist þess ekki, að hún hefði kallað á hjálp, en hún hefði eitthvað verið að skæla.

Verður nú greint frá framburðum vitna og öðrum gögnum um atvik þetta.

J, fæddur 19. janúar 1945, bróðir K, segir, að eftir að komið var í . . . , hafi hann farið að spila við ákærða og Örn Sigurgeir í eldhúsinu, en P sofnað fram á borðið. Eitthvað hafi verið til af áfengi og þeir neytt af því. K hafi svo komið niður og verið eitthvað að sýsla í eldhúsinu. Örn Sigurgeir hafi svo farið og nokkru síðar hafi hann og P farið út til áfengisöflunar. Ákærði hafi þá orðið eftir. Hann hafi fram til þess tíma hegðað sér vel. J kannast ekki við, að þeir bræðurnir hafi viðhaft þau ummæli við systur sína, er ákærði heldur fram og áður var lýst, í þá átt að hvetja hana til samfara við ákærða.

P, fæddur 8. september 1948, bróðir K, kveðst hafa verið mjög ölvaður umrædda nótt, og man hann þá fyrst eftir ákærða, er hann er kominn heim í . . . og er þar að spila við þá J og Örn Sigurgeir. Man P ekki eftir því, er hann fór út með bróður sínum til áfengiskaupa. Hann kveðst ekki muna til þess, að þeir bræðurnir hafi verið að stríða systur sinni eða eggja hana til lags við ákærða, og telur P fráleitt, að það hafi komið til.

Örn Sigurgeir Einarsson verkamaður, Selvogsgötu 15, Hafnarfirði, fæddur 17. janúar 1950, segir, að áður en hann fór burt úr . . . , hafi K verið komin niður til þeirra féлага. Hún hafi ekki tekið þátt í drykkju né spilamennsku. Örn segir, að ekki hafi verið um það að ræða, að bræðurnir væru að stríða henni

né tala um, að hún skyldi vera ákærða eftirlát. Örn Sigurgeir fór burt úr . . . á undan félögum sínum.

Iðunn Kristjánsdóttir húsfreyja í Ásgarði 45, 56 ára að aldri, segir, að þegar K kom þangað, hafi hún verið hágrátandi með mikinn ekka og hár hennar úfið. Hún hafi beðið um að kallað væri í lögregluna. Þegar Iðunn og Ragnheiður dóttir hennar fóru að tala nánar við hana, sagði hún, að hún hefði verið tekin nauðug.

Ragnheiður Alda Ólafsdóttir, Ásgarði 45, 19 ára að aldri, segir, að K hafi verið útgrátin og hár hennar í óreiðu og hún verið að öllu leyti illa á sig komin, er hún kom í Ásgarð 45. Hún hafi skýrt svo frá, að maður, sem komið hefði heim með bræðrum hennar, hefði nauðgað henni.

Jón Haukur Ólafsson, Ásgarði 45, 21 árs að aldri, sonur Iðunnar Kristjánsdóttur, kveðst hafa verið staddur niðri í kjallara, er móðir hans kallaði á hann. Er hann kom upp, var þar fyrir K, og var hún hágrátandi og sagði, að sér hefði verið nauðgað. J kveðst hafa hringt til lögreglunnar. Hann segir, að þegar hann ræddi nánar við K, hafi hún sagt honum, að sá, sem nauðgaði henni, hétí Rafn Svavarsson. J kveðst nú hafa litið út og séð ákærða, sem hann kannaðist við, koma út úr húsinu . . . J kveðst hafa kallað til ákærða og gefið sig á tal við hann og það hafi orðið úr, að ákærði hafi komið inn með honum, og hafi hann spurt J, hvort hann vissi, hvað orðið hefði af K, en J kvaðst ekki vita það. Þá hafi ákærði sagt, að stelpa hefði verið snarvitlaus og ætlað að hringja til lögreglu. Kveðst J hafa sagt honum, að hún mundi hafa farið út í sjoppu, og síðan hafi hann talað við ákærða fram til þess, er lögregluþjónarnir komu á vettvang.

Sævar Már Ólafsson sjómaður, Ásgarði 45, 20 ára að aldri, kveðst hafa verið á efri hæð heima hjá sér, er K kom þangað, og hafi hann á eftir séð hana grátandi inni í herbergi Ragnheiðar Öldu systur hans. Hann kveðst einnig hafa séð J bróður sinn á tali við ákærða. Sævar Már kveðst ekkert hafa rætt við K.

Baldvin Þórir Þorsteinsson lögregluþjónn, er sendur var að Ásgarði 45, segir, að K hafi verið mjög miður sín, útgrátin og skjálfandi, og hafi tekið nokkurn tíma að róa hana, þannig að hún fengi skýrt frá málavöxtum. Baldvin Þórir kveðst hafa farið inn í íbúðina í . . . og athugað vettvang án þess að hrófla við neinu. Síðan hafi ákærði og K verið flutt í lögreglustöðina.

Ákærði hafi þar neitað því með öllu, að hann hefði átt samfarir við K.

Indriði Aðalsteinn Jóhannsson lögregluflokksstjóri ók lögreglubifreiðinni, sem send var að Ásgarði 45. Hann fór ekki inn, en tók þátt í að leiða ákærða að lögreglubifreiðinni og koma honum inn í hana. Segir hann, að ákærði hafi verið rólegur og ekki að sjá undir áfengisáhrifum. Stúlkan hafi verið útgrátin og miður sín.

Guðmundur Ingbór Guðveigsson lögregluþjónn segir, að ákærði hafi verið rólegur og lítt ölvaður. K hafi verið útgrátin og hár hennar úfið. Guðmundur Ingbór kveðst ekki hafa talað við hana og ekki hafi hann hlýtt á, er varðstjóri talaði við ákærða.

Páll Eiríksson aðalvarðstjóri kveðst hafa talað við ákærða, er komið var með hann í lögreglustöðina. Hann hafi neitað því alfarið, að hann hefði átt samfarir við K. Hann hefði setið hjá henni í eldhúsinu, er hún var að þvo gólf, og þá hefði hann sparkað í fötuna hjá henni og sagt henni að fara með fötuna til andskotans. Þá hefði hún orðið hrædd og hlaupið út.

Njörður Snæhólm, aðalvarðstjóri í rannsóknarlögreglunni, rannsakaði vettvang í . . . ásamt Ragnari Vigni aðalvarðstjóra og Sævari Þ. Jóhannessyni, og var Baldvin Þórir Þorsteinsson í fylgd með þeim. Í skýrslu sinni um rannsóknina segir Njörður á þessa leið:

„. . . Aðaldyr hússins eru í norður, en þetta er sambyggð húsa-lengja, ein íbúð á tveimur hæðum.

Útihurð er læst með smekklás. Þegar komið er inn, er fyrst ytri forstofa og ofn á vegg, t. v. fatahengi, til hægri og innan við það dyr niður í kjallara. Grænn dregill er á gólfinu og er í hnipri. Á honum liggur ermahnappur úr silfri með steini á plötu. Hnappurinn hefur orðið fyrir hnjaski og slitnað sundur. Þórir sagðist hafa séð, að Rafn hefði verið með svona hnapp í annarri skyrtuerminni.

Rauðar dömusiðbuxur með sundurslitnum rennilás liggja undir fatahenginu, og í þeim eru tvennar kvennærbuxur, þær ytri bleikar, en innri frekar hvítar. Allar buxurnar eru þvagblautar í klofinu. Þetta er ekki efnagreint, en lyktar greinilega af þvagi. Þetta tókum við með okkur, og K staðfesti, að þetta væru buxur þær, er Rafn hefði þvingað hana úr og hún pissað í af hræðslu.

Beint fram við hliðina á kjallarahurðinni eru dyr að innri forstofu, og þar eru dyr að eldhúsi til vinstri, en stigi upp á loft til hægri. Beint fram eru dyr að stofu.

Þegar komið er inn í stofuna, eru tveir hægindastólar til vinstri, en útskot er á bak við þá, og þar er skápur og borð. Sófi með bláu ullaráklæði er við austurvegg. Í SA horni er sjónvarp. Á suðurvegg er stór gluggi og ofn undir honum, og við hann, næst sjónvarpi, er smáborð og á því blómapottur með blómi í, tveir vasar og öskubakki. Framan við miðjan gluggann er hæginda-stóll. Útvarpstæki er á borði í NV-horni. Tækið er í gangi, miðlungs hátt stillt. Sófi er við NV-vegg og sófaborð fyrir framan hann. Á því er vasi, tóm ölflaska, stór skál og tveir öskubakkar. Við endann á sófanum næst dyrunum er ryksuga og stór pappakassi með dóti í. Mikið autt rúm er á miðju gólfi milli húsgagna-anna og sófans við austurvegg. Það eru engin merki um átök þarna inni í stofunni. Allt virðist vera í lagi á borðum, en þar sem um svo mikið autt rúm er að ræða og ekkert fyrir framan sófann við austurvegginn, gætu hafa átt sér stað læti á miðju gólfi, án þess að nokkuð færi úr lagi á borðum.

Nokkur dreif af rauðum höfuðhárnum eru í sófanum við austurvegginn frá miðju og að höfðalagi til vinstri, en þar er smápúði í sófanum. K er rauðhærð. Í um það bil miðjum sófanum er nokkuð af stuttum, krulluðum hárnum, en þau virðast vera glær með rauðri slykju.

Teknar voru myndir og íbúðin teiknuð upp.

Eftir athuganirnar var húsinu læst og K síðan afhentur lyk-illinn.

Gluggar í íbúðinni voru lokaðir“.

Guðjón Guðnason læknir skoðaði K að tilhlutan rannsóknar-lögreglunnar í lækningastofu sinni í Domus Medica hinn 11. nóvember kl. 1525. Skoðuninni lýsir hann þannig í vottorði sínu, dags. 11. nóvember:

„... K er alveg róleg að sjá og svarar öllum spurningum hik-laust. Hún er með nokkra marbletti á vinstri upphandlegg, og er sá stærsti þeirra ca. 3 sinnum 5 cm stór. Framan á hálsi ofan-verðum sjást nokkrir minni háttar marblettir, en mjög aumir viðkomu. Við gynekologiska skoðun sjást engir áverkar á ytri kynfærum, en töluverður roði er á burðarbornum. Tekið er sýni úr leggöngum, skoðað undir smásjá, og sést í því lifandi sáð-frumur“.

Á dómþingi 12. nóvember skýrði K svo frá, að hún hefði sofið sæmilega þá um nóttina, en þó dreymt atburðinn aftur og aftur.

Í þinghaldi 25. f. m. kvaðst K ekki vera búin að jafna sig að

fullu. Hún kvaðst enn kenna hræðslutilfinningar gagnvart karlmönnum. Hún kvaðst hafa haft samfarir við karlmann, áður en þessi atburður varð, en ekki síðan.

Af hálfu K er þess krafizt, að ákærði verði í máli þessu dæmdur til greiðslu miskabóta að fjárhæð kr. 100.000.00. Kröfu þeirri hefur ákærði mótmælt.

III. Að tilhlutun sakadóms rannsakaði Grímur Magnússon, læknir og sérfræðingur í geðsjúkdómum, geðheilsu ákærða. Um rannsóknina hefur hann samið skýrslu, dags. 11. febrúar s.l., og segir þar á þessa leið:

„... Um ætt Rafns hef ég ekki fengið nema fátæklegar upplýsingar. Faðirinn var drykkjumaður, og skildu foreldrar Rafns, þegar hann var um það bil 10 ára. Börnin voru níu, og hann var tvíburi, áttundi í röðinni. Móðir hans varð að vinna fyrir heimilinu, og uppeldi barnanna varð að mæta afgangi. Skólaganga Rafns var einnig í molum, enda hann sjálfur treggáfaður. Hann var þó í heimavistarskóla á Jaðri, en á sumrin á ýmsum sveitabæjum, svo að segja má, að hann hafi snemma verið á hrakhólum, og var fátt, sem stuðlað gæti að því að móta stefnufestu eða ábyrgðartilfinningu hjá líttgefnum ungling. Hann lenti líka brátt í ýmsum óknyttum, strauk t. d. frá Jaðri ásamt öðrum strák til innbrota. (Einn bróðir hans hefur líka lent í þjófnaði). Síðan hann komst á lögaldur, hefur hann, ef svo má segja, verið með annan fótinn í fangelsi. Hann hefur þó unnið vel fyrir sér með köflum og verið duglegur til vinnu. En varla hafa það verið nema nokkrir mánuðir í senn og hafi honum safnast fé, hefur hann byrjað drykkjutúra, þar til allir peningar voru þrotnir, og hafa slíkir túrar oft staðið vikum saman. Hann telur sig aldrei hafa framið afbrot nema undir áhrifum víns, en ekki er hægt að fá frekari sönnur á því. Nánir ættingjar, sem hann umgengst, telja hann mjög þrúðan, viðmótsþýðan og hjálpfúsan, þegar hann er án víns. En byrji hann drykkjutúra (oft er fyrirboði þeirra eirðarleysi, svitakóf og slappleiki), breytist hann í annan mann. Kemur þá upp í honum mikilmennska og hroki, og finnst honum sér þá allt leyfilegt. Að öðru leyti finnst þeim hann hafa fulla skynjun og sé sér meðvitandi um allt, sem hann segir og gerir, þótt hann sé drukkinn. Sjálfum segist honum frá á sömu lund.

Rafn er hvatvís, málgefinn, opinskár og óspar á að láta tilfinningar sínar í ljós. Hann telur sig hafa verið órétti beittan (einkum með fyrsta dómi fyrir nauðgun), segist hatast við þjóðfélagið,

einkum ef hann sé drukkinn og hati hann þá allt og alla. Telur hann, að ekkert hafi verið gert fyrir sig, en hann vilji ekki beygja sig fyrir neinum. Hann segir, að ekkert þýði að vinna, því að allt sé tekið í skatta, miklu betra og öruggara að vera inni (í fangelsi) en úti, hafi að engu að hverfa, þótt hann komist út. Um síðasta afbrot segir hann, að sér hafi fundizt lítið gera til, þó að hann fremdi það, þar eð hann lá undir sams konar ákæru, sem honum finnst óréttmæt með öllu.

Hvorki í tali né framkomu Rafns verður vart ranghugmynda, ofskynjana eða annars, sem gæfi nokkur einkenni um geðveiki.

Af ofangreindu má sjá, að Rafn hefur vanizt rótleysi frá bernsku og að hann hefur ekki þroskzst upp úr því. Hann á því mjög erfitt með að laga sig eftir umhverfi sínu og þjóðfélagsreglum, verður í og með af þeim sökum þvermóðskufullur og heiftugur. Þessir vankantar á skapgerð hans og lítt þroskuðu tilfinningalífi virðast aukast mjög og fá útrás, þegar hann er drukkinn. Styðst það bæði við upplýsingar hans sjálfs og annarra. En ekki hefur gefizt tækifæri til að athuga hann undir áhrifum vins. Allsgáður virðist hann halda vanköntum sínum í skefjum, en einnig undir áhrifum vins er hann sér fullmeðvitandi um það, hvað hann aðhefst, og verður því að teljast sakhæfur þrátt fyrir geðveilur sínar. Erfitt er að spá nokkru um horfur á betri hegðun í framtíðinni, en þó eru talsverðar líkur til, að slíkt væri mögulegt“.

Enn fremur athugaði Kristinn Björnsson sálfræðingur ákærða, og er athugun hans lýst þannig í skýrslu hans, dags. 10. febrúar: „Rafn Svarvarsson, f. 31/7 1938, var athugaður af undirrituðum að beiðni Gríms Magnússonar, læknis, í febrúar 1970.

Niðurstöður voru þessar:

*Próf Wechslers fyrir fulloröna:*

Greindarvísitala munnlega hlutans reyndist . . . .	81
Greindarvísitala verklega hlutans reyndist . . . . .	93
Greindarvísitala prófsins alls reyndist . . . . .	86.

Er því nokkurt misræmi milli munnlegs og verklegs hluta prófsins. Yfirleitt eru þættir, sem reyna á kunnáttu og fræðslu, mun verr leystir en hinir, og sýnir það, að uppeldisleg vanhirda, lítil skólun og ófullnægjandi rækt við hæfileika hefur dregið úr þroska þeirra og nothæfni. Gott samræmi er innan hvers þáttar, og ekkert bendir hér á geðræna veilu. Álykta má, að upprunalegir hæfileikar séu í slöku meðallagi, en notagildi þeirra af fyrrgreindum ástæðum heldur skert.

*Kunnátta:*

Lestur er stirður, maðurinn má þó teljast læs, einkunn um 7.0. Kann ekki að skrifa eftir upplestri, kann ekki skrifstafi, en skrifar allvel prentstafi, getur þó ekki stafsett algeng, auðveld orð. Fjarri því að standast barnapróf í skrift, stafsetningu eða reikningi. Sýnir það, að skólagangur hefur á sínum tíma verið lítill eða drengurinn þá verið haldinn einhverri veilu, sem haml-aði algerlega árangri.

*Athugun með aðferð Rorschachs:*

Prófaður var fús til samvinnu, reyndi eindregið að leggja sig fram og gera sitt bezta við prófið og sýndi þannig mikinn metnað og festu við að vinna að verkefni. Þetta jafnvel nokkuð yfirdrifið, svo að það hafði á sér þvingunarblæ eða óvenjulega viðleitni til að ná fullkomleika.

Svör eru mörg og form þeirra flestra gott, sum eru fátækleg að innihaldi, en nokkur þó samsett og frumleg.

Litasvör eru fá, en þó hafa litir áhrif, en fjarvídd og dekk þó meiri áhrif. Hreyfisvör koma fyrir. Engin svör eru fjarstæð, en viss sérkenni í orðalagi koma fram, virðist þó afleiðing fáfræði og erfiðleika við að orða hugsun skýrt frekar en að um sérkenni í hugsun sé að ræða.

*Niðurstöðu má túlka þannig:*

Greind er nálægt meðallagi. Raunveruleikamat virðist óskert, stjórn er á hugarflugi og raunsæi allgott. Tilfinningalíf er nokkuð ofsafengið, geðríki mikið, en ekki tamið í samskiptum við aðra. Það veldur því kvíða, ofsa og ófullnægðri þörf fyrir tengsl. Spyrja má, hvort léleg uppeldisleg mótun eða meðfædd gerð valdi þessu, en það er erfitt að aðgreina, sennilega hvort tveggja.

Þetta virðist ekki hægt að flokka sem geðsjúkdóm eða sérstaka gerð hugsýki. En tilfinnanleg vandkvæði hjá uppeldislega lítt mótuðum manni eru líkleg til að valda geðrænum erfiðleikum, sambúðavandkvæðum og hegðunarerfiðleikum.

Varðandi batahorfur er metnaður, greind og óskert raunveruleikamat jákvæð atriði, en taumleysi tilfinninga og andfélagslegur hugsunarháttur geta gert þær minni en efni standa til.

*Niðurstæða:*

Greindarþroski eðlilegur eða í slöku meðallagi. Ekki er um að ræða geðsjúkdóm, en hins vegar ótamið og ofsafengið tilfinningalíf, sem veldur hegðunarerfiðleikum. Batahorfur gætu verið nokkrar, ef maðurinn fæst til raunverulegrar samvinnu“.

Samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins hefur ákærði áður sætt þessum refsidómum:

- 1957 18/1 5 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. og 157. gr. hegningarlaga.
- 1957 11/7 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
- 1958 12/12 2 ára fangelsi fyrir brot gegn hegningarlögum, áfengislögum og umferðarlögum.
- 1959 15/6 8 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
- 1960 16/3 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 110. gr. hegningarlaga.
- 1961 29/12 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
- 1964 30/7 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 217. gr. og 245. gr. hegningarlaga.
- 1966 7/3 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga (staðfest í Hæstarétti 1. desember 1967).
- 1969 18/11 30 daga fangelsi fyrir brot gegn 248. gr. hegningarlaga.

Þá hefur hann 14 sinnum sætt á greiðslu sekta, oftast fyrir ölvun.

#### IV. Niðurstöður:

I) Ákærði hefur að vísu við dómsrannsókn máls þessa og málsmeðferð borið á móti því, að hann hafi neytt M til samfara aðfaranótt 23. september f. á., og hefur framburður hans fyrir dómi þó verið nokkuð reikull. Hins vegar hefur M staðhæft, að ákærði hafi haft samfarir við hana með því að brjóta með ofbeldi á bak aftur mótspyrnu hennar. Önnur gögn í málinu styðja þennan framburð hennar:

a) M bar eftir nótt þessa töluverða áverka, og klæði hennar voru spjölluð, og hlýtur það að hafa verið af völdum ákærða.

b) Magnea Rannveig Þorgilsdóttir segist hafa heyrt hávaða og jafnvel að kona kallaði á hjálp.

c) Samkvæmt framburði vitna benti ástand M, eftir að hún kom á fund lögreglunnar, til þess, að eitthvað alvarlegt hefði komið fyrir hana um nóttina.

d) Viðbrögð ákærða við því, er hann var handtekinn næsta dag, benda eigi til þess, að hann hafi verið saklaus af sakargiftum M, heldur fremur til þess, að hann hafi vitað upp á sig sök.

e) Ákærði játaði skýlaust fyrir rannsóknarlögreglu, að frásögn M um, að hann hefði tekið hana nauðuga, væri rétt. Ákærði hefur kannast við, að hann hafi gefið skýrslu þessa og undirritað hana, og skýringar þær, sem hann gefur í því sambandi, verða að teljast markleysa.

Þykja þannig traustar sannanir komnar fram um, að ákærði hafi framið brot það, sem lýst er í ákærulið I. og varðar við 194. gr. almennra hegningarlaga.

II) Með framburði ákærða sjálfs, vætti K og öðrum gögnum þykir sannað, að ákærði hafi með líkamlegu ofbeldi þröngvað K, sem var aðeins 17 ára að aldri, til samfara á heimili hennar í ... að morgni hins 11. nóvember f. á., og hefur hann þannig gerzt sekur um stórfellt brot gegn 194. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing ákærða verður með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og ferli ákærða ákveðin fangelsi 4 ár.

Ákærði var í gæzluvarðhaldi 24. september til 24. október 1969, og enn fremur hefur hann verið í gæzluvarðhaldi samfleytt síðan 12. nóvember 1969. Er samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga rétt, að vist þessi, samtals 163 dagar, verði dregin frá refsingu hans.

Í máli þessu verður ekki dæmt um fjárkröfu M, en rétt þykir að taka að öllu leyti til greina bótakröfu K.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, dr. Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 12.000.00, og málssóknarlaun kr. 12.000.00, er renni í ríkissjóð, en af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Jónatan Þórmundsson saksóknarfulltrúi.

#### Dómsorð:

Ákærði, Rafn Svavarsson, sæti fangelsi 4 ár. Til frádráttar refsingunni komi gæzluvarðhaldsvist ákærða, 163 dagar.

Ákærði greiði K kr. 100.000.00. Fjárkröfu M er vísað frá dómi.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málsóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 12.000.00, og kr. 12.000.00 í málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, dr. Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.